

## AUGLÝSING um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

### *Holtavegur 32.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 22. maí 2015, breytingu á deiliskipulagi Laugardals, austurhluta vegna lóðarinnar nr. 32 við Holtaveg. Í breytingunni felst að gerðir eru tveir byggingarreitir fyrir færانlegar stofur/smíðaskemmur. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

### *Tangabryggja 18-22 og 24-26.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 12. júní 2015, breytingu á deiliskipulagi Bryggjuhverfis vegna lóðanna nr. 18-22 og 24-26 við Tangabryggju. Í breytingunni felst m.a. að hluti lóðar númer 24-26 minnkar en lóð nr. 18-22 stækkar og verður lóðin útbúin fyrir hjólaskýli og sorp þess húss. Innan þeirrar lóðar má byggja skýli allt að 80 m<sup>2</sup>, þrjá metra að hæð. Breyting á húsi nr. 18-22 felst í að heimilt verður að fjölgja íbúðum úr 22 til 25 í allt að 39 og settir verði skilmálar um samsetningu íbúðagerða í húsinu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

### *Freyjubrunnur 33.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 11. júní 2015, breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 33 við Freyjubrunn. Í breytingunni felst m.a. hækkun á nýtingarhlutfalli lóðar með bílageymslu úr 1,59 í 1,80 og fjölgun íbúða úr fimm í sjö. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 25. júní 2015.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 9. júlí 2015